

sann-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– gat hann sannað sakleysi sitt?

‡ • sannur, sannfæra, sannarlega

dvelja *so. vb.-0 – leggja*
[dvaldi]

– þau dvöldu allt sumarið í
Hveragerði

‡ • dvöl

hreyf-a *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– maður verður að hreyfa sig til að
halda heilsu

‡ • hreyfing

tal-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– hann talar góða íslensku

‡ • tal, tala (no), samtal, talsverður, ótal, telja »
segja, ræða (so), mæla « þegja

breyting *kvk. – spurning*
[-ar, -ar]

– það verður engin breyting á
veðri

‡/breytni • breyta, breyttur, óbreyttur

skrifstof-a *kvk. – stofa*
[-u, -ur]

– fyrirtækið er með nýja skrifstofu

‡ • skrifa, stofa, skrifborð

atriði *hk. – hús*
[-s, -]

– þetta er mikilvægt atriði

• smáatriði » atburður

streym-a *so. vb.-i – heyra*
[-di]

– rigningin streymdi niður
rúðurnar

‡ • straumur » renna (so vb)

augljós *lo. – gulur 0*
[-, -t; -ari, -astur]

– þetta er augljóst mál

‡ augljóss • auga, auglýsing, ljós (lo) » ljós,
greinilega « óljós

bein *hk. – hús*
[-s, -]

– hvað eru mörg bein í
mannslíkamanum?

‡ • beinn » leggur

vandræð-i *hk. ft. – hús*

– var kötturinn til vandræða?

‡ vandráð • vanur, vandi, vandlega; lýðræði,
ráða » vandamál

útvarp *hk. – hús Ö*
[-s, útvörp]

– ég er að hlusta á útvarpið

‡ • út, varpa; sjónvarp

árlega *ao.*

– Reykjavíkurmaraþon er haldið
árlega

‡ árligr • ár, áratugur

daglega *ao.*

– ég les blöðin daglega

‡ dagliga • dagur, daglegur

hljóð-ur *lo. – gulur*
[-, hljótt; -ari, -astur]

– það er svo hljótt hérna

‡ hljóðr • hljóða, hljóð, hljóðfæri

ótrúleg-ur *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– hann er ótrúlegur lygari

‡ ótrúlig/útrúligr • ótrúlega, trúa, trú, fulltrúi